

Háskóli Íslands, sagnfræði- og heimspekideild.
Námskeið: Fjölbjóðlegar hugmyndastefnur.
Kennari: Ingi Sigurðsson.

**Hugmyndafræði, sem birtist í fyrsta árgangi Skinfaxa, blaði
Ungmennafélags Reykjavíkur**

Nemandi: Arnar Sverrisson.
Dagsetning: 15. apríl 2015.

Inngangur

Í ritgerð þessari mun fjallað um Ungmennafélag Reykjavíkur á fyrsta starfsári þess eins og það kemur fyrir sjónir í fyrsta árgangi félagsritsins, hins handskrifaða Skinfxa, árin 1906 til 1907. Á árinu 1909 hófst útgáfa prentaðs mál gagns samtaka Landssambands ungmennafélaga í landinu, UMFÍ, með sama nafni.

Alls komu út átján tölublöð á fyrsta útgáfuári hins reykvíska Skinfxa, hið fyrsta er dagsett 18. nóvember. Ritið, með efnisskrá innifalinni, er 199 handskrifaðar síður alls. Í fyrsta tölublaði er gerð grein fyrir nafni þess. Hugmyndin var að líkja skini frá hinum þrúðfexta, goðsögulega gæðingi, þ.e. faxi hans, á himinhvolfin, við skin félagsskapparins á hugsjónir félagsmanna. Ég mun leitast við að bregða birtu á þessar hugsjónir. Eitthvað virðist ýmsum félagsmönnum hafa skjöplast í menningunni, því ritnefnd sér ástæðu til þess að minna þá á, að blað þeirra hétí Skinfxi, en ekki Skinnfxi, og létu nánari útskýringar fylgja áminningunni. Reyndar var það svo, að töluvert var um það fjallað, að félagsmenn mættu taka meiri ábyrgð á starfi félagsins og sýna meiri skörungsskap.

Hér skal þó ekki nánar um þetta viðfang fjallað, heldur dregin fram áhersluatriði, sem einkennandi mega teljast fyrir hugmyndafræði félagsskapparins eins og til að mynda viðhorf, er lágu félagsskapnum til grundvallar, og áberandi hugsjónir. Þar ber hæst, sjálfsrækt, þjóðarefningu, málrækt, íþróttir, jafnrétti kynjanna, þjóðlega menningu og menntun. Efnistöð og kaflaskipting ræðst af þessum umfjöllunarefnum.

En þar eð ungmennafélögin áttu sér merka sögu, er náði út fyrir landsteinanna, m.a. til Danmerkur og Noregs, mun hinu sögulega baksviði lýst nokkuð í því skyni að auka skilning á fyrrgreindri umfjöllun um félagið og hugsjónir félagsmanna.

Baksvið

Nikolai Frederik Severin Grundtig (1783-1872) er almennt talinn hugmyndafræðingur hinnar dönsku, þjóðlegu uppeldis- og skólahreyfingar, sem stofnaði Lýðháskóla um öll Norðurlönd og hafði einna greinilegust áhrif í Noregi.¹ Þessi áhrif birtast með almennum hætti í kenningum og starfi Guðmundar Hjaltasonar (1853-1919), sem nefndur hefur verið „einn helzti hugmyndafræðingur íslenzku ungmennafélagshreyfingarinnar.“² Sjálfur kynntist Guðmundur nokkrum helstu fræðurum og menningarfrömuðum Danmerkur og Noregs, þar með talinn Christoffer Arndt Bruun (1839-1920), einn forkólfa norsku ungmennafélagshreyfingarinnar, og frumkvöðli danskra lýðháskóla, Ludvig Peter Schröder (1836-1908).³

Guðmundur stundaði nám við framsækna skóla í löndunum báðum. Einn fyrirlesara hans var norski rithöfundurinn og alþýðufræðarinn, Björnstjerne Björnsson (1832-1910), sem ávann sér verðlaun Nóbels í bókmenntum 1903. Jafnframt stundaði Guðmundur fyrirlestrahald um nærfellt öll Norðurlönd. Á Íslandi reyndi hann fyrstur stofnun íslensks lýðháskóla um miðjan

¹ Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar...*, bls .194. – Jón Torfi Jónasson. „Lýðháskólar“ ..., bls. 107.

² Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar ...*, bls. 201.

³ Bruun. „Folkelige“ ... - Vig. „Levende“ ..., - Einnig vefheimildir: „Schröder“ og „Bruun.“ – Hafstein Pjetursson. *Nikolai ...*

níunda áratug nítjándu aldar á Akureyri samkvæmt norskum og dönskum fyrirmyndum.⁴ Enn er ótalinn merkur fræðimaður, sem hafði geysileg áhrif á hugmyndafræði íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar, sagnfræðinginn Jón Jónsson Aðils (1869-1920), sem á sama hátt og Guðmundur, var undir sterkum áhrifum frá Nikolai Grundtvig.

Ungmennafélögin náðu fyrst fótfestu á Akureyri, þar sem fyrsta félagið var stofnað. Stofnendur þess voru Þórhallur Björnsson og Jóhannes Jósepsson. Báðir höfðu þeir kynnt ungmennafélags- og lýðháskólahreyfingunni í Noregi og Danmörku. Hin þjóðernislegu áhrif frá frumherjunum, bæði erlendis og hérlendis, leyndu sér ekki. Einn skrásetjara sögu ungmennafélagshreyfingarinnar, Ívar M. Jónsson, segir svo frá þessum atburði og vísar til stofnskrár félagsins:

Þórhallur var einlægur þjóðernissinni og góðri merkingu þess orðs og Jóhannes var að eigin sögn einlægur og æstur þjóðernissinni sem vildi veg Íslands sem mestan. Þeim félögum þótti ekki vanþörf á að koma á fót félagsskap sem myndi láta eitthvað að sér kveða í lokabaráttunni fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og

endurvekja reisu þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dáða og skóli þjóðlegra mennta, andlegra og veraldlegra. ... Ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenzkrar tungu, og í túni þeirra skyldu dafna hvers konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir.⁵

Stofndagur Ungmennafélags Akureyrar var 7. janúar 1906. Tæpu ári síðar eða 3. október 1906 var svo Ungmennafélag Reykjavíkur stofnað. Lög félaganna voru nánast þau sömu.⁶

Ungmennafélag Reykjavíkur hóf að gefa út Skinfaxa á sama ári eins og áður er nefnt. Í fyrsta tölublaði gerir ritnefndin grein fyrir nafni blaðsins, sem sótt er í hina goðsögulegu frásögn af fákinum, Skinfaxa, sem lét verða dagrenningu. Vonast er til, að blaðið færi birtu“... svá að aldrei þrjóti dagur framkvæmda, er til góðs stefna, ok ættlandi váru eru til heilla.”⁷

Skal nú fjallað um þær hugmyndir og viðfangsefni félagsins, sem hugmyndafræði þess var á reist.

Ræktun og efling þjóðernisins

Ungmennafélag Reykjavíkur þáði í arf frá hugmyndafræðingum ungmennafélags- og lýðháskólahreyfingarinnar ríkt þjóðernisþel og ættjarðarást, sem er grundvölluð á arfsögninni um tilurð Íslendinga. Þjóðrækni er Guðmundi Björgvinssyni ofarlega í huga. Í Skinfaxa heldur hann heldur fram fullum fetum: “Þjóðrækni eða þjóðernistilfinning er einhver sú gófgasta hugsun mannsins; um það blandast engum hugur; ...”⁸

Í sjötta tölublaði tekur Ársæll Árnason upp norrænan arf Íslendinga, sem hinir “dádriku dengir” báru með sér frá Noregi, þegar þeir hrökkludust til Íslands undan ofríki Haralds

⁴ Bragi Jósepsson. *Lýðskólamaðurinn...*, bls. 12.

⁵ Jón M. Ívarsson. *Vormenn* ..., bls. 23.

⁶ Sama rit, bls. 24.

⁷ Skinfaxi, bls. 1.

⁸ Gunnlaugur Björnsson. „Þjóðrækni,“ bls. 104.

hárfagra. “Lifi frelsi hinnar íslensku þjóðar.”⁹ Hér eru áhrifin frá Jóni Jónssyni Aðils greinileg. Síðar er vitnað til umsagnar hans um Eggert Ólafsson, en haft er eftir honum: “að Ungmennafélögin væru stofnuð til að framfylgja mörgu hinu sama, er hann var fyrstur upphafsmaður að, svo sem endurreisn og eflingu alls þess sem er ram-íslenzkt og þjóðinni er til gagns og sóma.”¹⁰

Og ekki er annað að sjá, en að félagar Ungmennafélags Reykjavíkur taki áskorun í anda hugmyndafræðings síns, Jóns Jónssonar Aðils. Margt er ritað um hvatningu hans í Skinfaxa á fyrsta útgáfuárinu. Til dæmis geymir fjórða tölublað sköruglega brýningu til félagsmanna eftir Sigurjón Pétursson, atkvæðamikinn félagsmann, glímukappa og athafnamann:

Það er auðvitað mjög svo erfitt fyrir svona smávaxinn og lítinn hóp og sá er, sem þú [Skinfaxi] hefur yfir að segja. En ef þessi hópur reynist vel sem eg efast ekki um muntu verða fær um að vinna viðfangsmikið verk, verk sem aldrei gleymist meðan nokkur drengskapur og dáð býr í brjósti nokkurs Íslendinga. Það er fyrsta sporið til þess að land vort geti komist áfram og jafnvel orðið sjálfsbjarga og það er fyrir það ef þessi félagsskapur vor fer sívaxandi þá er það hinn fyrsti æskulýðsfélagsskapur hér sem á fyrir sér að vaxa að visku og þroska. Stofnaður fyrir fult og alt fyrir komandi kynslóðir, sem munu þroskast og blómgast til eilífðar. Þessi félagsskapur vor verður því sem hynningarsteinn komandi kynslóða fósturjarðar vorrar, er mun styrkja og efla alt gott og gagnlegt.¹¹

Snorri Einarsson fer ekki í neinar grafgötur með metnað sinn fyrir hönd þjóðarinnar, hvað varðar andlegt og líkamlegt atgjörvi hennar: “Ungmennafélög vora Íslendinga eiga að keppa að því, að hin íslenzka þjóð geti staðið jafnfætis öðrum þjóðum, að allri líkamlegri og andlegri atgjörvi.”¹²

Metnaður félagsmanna náði einnig til landsins sjálfs. Þeir virtust gera sér ljósa grein fyrir því, að umgengni „hinna dáðríku drengja“ hafði ekki verið til fyrirmyndar í öllum greinum. Landið, sem einu sinni var skrytt skógi frá fjöru til fjalls, var nú næsta nakið orðið og uppfokið. Því er ekki að undra, að skógrækt hafi verið félagsmönnum hugleikin. Í fimmta tölublaði er fjallað um skógrækt og nauðsyn hennar. En norska hreyfingin lagði einmitt mikla áherslu á hana. Staðhæft er, að félagsmenn verði að taka á sig byrðar forfeðranna sem eyddu skóginum – “gjalda feðranna misgjörða.”¹³

Málfar og málvöndun

Fornsögur Íslendinga eru eins og alkunna er, hinn mesti fróðleiksbrunnur fræðimönnum um norræna goðafræði, norræna og íslenska menningu. Það á einnig við um einn félagsmanna, Trausta. Hann notar mál fornsagnanna sem mælikvarða á tungutak samtímamanna sinna og telur málfar þeirra svo rýrt í roðinu, að það varla megi nýtast við lestur á fornsögunum. Því hneigist fólk til lestrar miður þroskavænlegra bókmennta. Í fjórða tölublaði segir hann:

⁹ Ársæll Árnason. „Frelsið“ ..., bls. 69.

¹⁰ Ritnefnd. „Á víð og dreif“ ..., bls. 77-78.

¹¹ Sigurjón Pétursson. Nokkur orð ..., bls. 44.

¹² Snorri Einarsson. „Ættjarðarástin“, bls. 102.

¹³ Indriði Guðmundsson. „Skemmtanir“, bls. 70.

“Hvarvetna skín út úr [forn-] sögunum skarpskyggni og dulspeki, brennandi ættjarðarást ... enn fremur hrein þjóðræknistilfinning og sístarfandi framtakssemi. Í stuttu máli mælt var göfuglyndið og drengskapurinn þjóðareinkennið. ... Hvað höfum vjer þá fengið í þess stað? Áhuga fyrir óhollum og andstyggilegum erlendum skáldsögum, sem vanalega eru þýddar á afskræmt og bjagað mál. Að launum hefir svo lesandinn viðbjóðslegar, svívirðilegar og lognar skuggamyndir hvílandi á sál sinni.”¹⁴

Málvöndunin virðist með þessari umþenkingu komin á nokkurn skrið og lögð drög að mállýtasafni. Í fimmta tölublaði er lögð á þetta þung áhersla. T.d. er verðandi ritstjóra, Helga Valtýssyni, bent á, að í stað „dispútera“ mætti segja „ræða af kappi, fara í kappræðu eða þrætu.“ Svo er honum bent á, að segja „nota“ í stað „brúka“ og að betur fari á því að segja „fjórð“ eða „stundarfjórðungur“ fyrir „kvarttíma.“

Í tíunda tölublaði ber málvöndun enn á góma. Vakið er máls á nauðsyn þess að hreinsa sorann úr íslenski tungu. Tungunni er líkt við gimsteinn og svo er talið, að hreinsun tungunnar jafngildi því að lyfta þjóðinni á hærra menningarstig.

Bókmenntir

Frumsaminn skáldskapur er einnig á boðstólnum í fyrsta árgangi Skinfxa. Í verki Snorra Einarssonar í fjórða tölublaði birtist með skýrum hætti hið töfrakennda samband manns og náttúru:

”Þarna kemur Fjallkonan,” sagði Sólin, “sæl vertu þú barnið mitt, hvað vilt þú?” Fjallkonan leit beint í Sólina djúpbláum augum, og mælti stilt og með sogarblöndnum rómi: “Gefðu mér aftur gullkórónu mína. Sólin laut niður að Fjallkonunni og kysti á enni hennar og mælti: “Vertu ánægð með skikkjuna og hjálminn frá mér, börnin þín eiga að gefa þér gullkórónu.”¹⁵

Snorri Einarsson birtir nýtt skáldverk í fimmta tölublaði. Að þessu sinni er umfjöllunarefnið samband móðurástar og ástarinnar til áttahaganna og fósturjarðarinnar.

Móðir mín kenndi mér kvæði um þig [Ísland], sem geymdu hinar fegurstu hugsanir og heitustu ást barna þinna.... Ég tók ástfóstri við heimilið, af því að þar leið mér best ... þar var alt athvarf mitt – í skauti móður minnar – en æskustöðvarnar eru ofurlítill hluti fósturjarðarinnar, og þar vaknar ástin, fyrst til æskuheimilisins og aðrar, þegar sjóndeildarhringurinn víkkar nemur hún land, og verður ættjarðarást.¹⁶

Síðar birtist umfjöllun um þýðingu Þorteins Friðrikssonar á sögunni, „Bóndinn, sem átti að búverka,“ þar sem á gamansaman hátt er fjallað um hlutverk kvenna og karla og hæðst að karlreimbunni. Aukin heldur er hvatt er til eflingar lista almennt.

¹⁴ Trausti. „Lestur á“..., bls. 31-33.

¹⁵ Snorri Einarsson. „Vorkveðja“ ..., bl.s 44-47.

¹⁶ Snorri Einarsson. „Ættjarðarást,“ (b) bls. 53-56.

Útlend áhrif

Hér og þar er í fyrsta árgangi Skinfaxes amast við erlendum áhrifum á félagsmenn. „Hollur er heimafenginn baggi,“ er rauður þráður umfjöllunarinnar. Skírskotað er til fornþekktar menntunar og afþreyingar. Í þrettánda tölublaði er þráðurinn um óhollustu útlendra skáldsagna, sem félagsmenn virtust bera sig eftir, tekinn upp af miklum alvörubunga. Spurt er: “Hvað eigum við að lesa.” Og svarað er:

“Skáldsögur þessar eru flestar; lýsa oft miður sémilegu framferði í borgum heimsins. Ástar-æfintýri þeirra eru oft þannig löguð, að þau æsa mjög tilfinningar lesarans; honum finnst hann næstum langa til að komast í slík æfintýri. Þetta getur orðið til þess, að men tapi réttri hugsun og verði veikari fyrir utan að komandi áhrifum, sem stundum vilja leiða á götur siðleysis og spillingar.”¹⁷

Sjálfsrækt í kristni

Viðleitnin til sjálfsræktar er í senn samofin þjóðernisrækt og kristnu viðhorfi. Þetta birtist í hinni snjöllu, gullfallegu ferskeytlu eftir Steingrím Thorsteinsson, eitt eftirlætisskálda Guðmundar Hjaltasonar, hins óumdeilda hugmyndafræðings íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar og síðar ritstjóra Skinfaxes. Þessa vísu telur ritstjóri fyrsta árgangs Skinfaxes eiga greinilegt erindi til félagsmanna:

Trúðu á tvennt í heimi, tign sem æðsta ber. Guð í alheimsgeimi, Guð í sjálfum þér.” (5) Varla er efni til að efast um hin kristnu áhrif á félagsmenn. Sama á við um hin norsku áhrif. Þar er hreyfingin talin hafa haft heillavænleg áhrif. Áeggjan Christoffers Bruun enduróma í skrifum eins stofnenda félagsins, Guðbrands Magnússonar:

En við þurfum meira en að trú á eigin framtíð – við eigum einnig að vinna félagi voru gagn – vinna fyrir land vort og þjóð – trú á þess framtíð. – En til þess að geta það, þurfum vér trú og vilja sem svo óaðskiljanlega eru aðalöfl allra framkvæmdar – og lykillinn að þessum öflum ...“¹⁸, því markmiðið er “að berjast sem einn maður fyrir frelsi þjóðarinnar.”¹⁹

Jafnrétti karla og kvenna

Í lögum fyrsta ungmennafélagsins, er stofnað var á Akureyri, var í kveðið á um, að inngöngu hefðu einungis karlar. Þetta ákvæði endurómaði í lögum Ungmennafélags Reykjavíkur. (Sem varð til þess, að Ungmennafélag kvenna, Íðunn, var stofnað.) En þegar í öðru tölublaði kemur fram, að ekki eru allir á eitt sáttir um þessa tilhögun mála. Ónefndur félagi lætur jafnréttisáhuga sinn skemmtilega í ljós í þessum orðum:

Eigi skrifa ég þessar línur af því að jeg sje svo framúr hófi kvenhollur maður, að jeg uni mjer eigi í fjelagi voru án kvenmanna, heldur af því, að mjer þykir nauðsyn bera til

¹⁷ Magnús Gíslason. „Hvað eigum“ ..., bls. 159.

¹⁸ Guðbrandur Magnússon. „Trú,“ bls. 5.

¹⁹ Theódór Árnason. „Nokkur orð“ ..., bls. 6.

þess, að þeir fái sem fyrst að taka þátt, bæði í því og öðrum ungmennafjelögum, og einnig af því að mjer virðist það heppilegt að ræða það fyrst í blaðinu.²⁰

Og skemmt er frá því að segja, að hér eftir, þ.e. eftir stofnun Ungmennafélags Akureyrar og Reykjavíkur, voru umrædd ungmennafélögin og þau, sem á eftir komu, opin báðum kynjum. Það er varla ofmælt að segja, að þau hafi lyft grettistaki í jafnréttismálum.

Velferðarmál

Fjórða tölublaðið er efnismikið. Þar er fjallað um málfar, erlend bókmenntaáhrif og fátækt. Hér virðist endurspeglast eldheitur áhugi Grundvigs á velferðarmálum. Guðmundur Sigmundsson skrifar, nýlega kominn til borgarinnar:

Eitt það ljótasta sem jeg hefi sjeð er meðferð á gömlu fólki. Sjerstaklega kvenfólki. Það er algengt hjer að gamalt fólk, sem er komið hátt á sjötugs aldur, er látið vera úti um hávetur í hvaða veðri sem er, við vatnsburð og aðra því um líka vinnu. En unga fólkið ýmist situr inni við ofhita eða það er á skemtigöngum um fjölförnustu götur borgarinnar.

“Nærri því daglega sje jeg steinblindann mann sem er á að giska um sjötugt aka vatni upp eftir Laugarveginum þar sem hann er brattastur. Leiðarvísir gamla mannsins er gömul kona sem leiðir hann við hönd sjer. Þessi blindi maður er notaður til keirslu líkt og blindir hestar erlendis, eru hafðir til keirslu í kolanámmunum. Þessi dæmi höfum við daglega fyrir augunum. Þegar við göngum eftir götum bæarins, er komum við niður að hafninni þá tekur ekki betra við. Þar gefst á að líta, hvar kvennfólkið stritar með kolapokann á herðunum. Þessi svívirðilega meðferð á gömlum konum, er landi og þjóð til ævarandi skammar. ... Og hvað skyldu útlendingar halda?²¹

Íþróttir og líkamsrækt

Félagsmenn eru stöðugt hvattir til íþróttaiðkana. Eins og fram hefur komið höfðu sumir félagsmanna geysilegan metnað í því efni. Íslendingar skyldu skipa sér á bekk með fræknustu þjóðum veraldar. Í því sambandi hefur Magnús Tómasson þýtt nokkrar reglur og heilræði. Sú fyrsta er sértaklega áhugaverð: “Sá sem gefur sjer ekki tíma til líkamsæfinga mun sjálfsagt mega gefa sjer tíma til þess að vera veikur.”²²

Eins og kunnugt er lagði Ungmennafélagshreyfingin ríka áherslu á þjóðlegar menntir og gerði gangskör að því að endurvekja hina fornu, íslensku glímu. Margir glímukappar komu úr þeirra röðum. Í fimmta tölublaði er borið lof á glímukappa og gefin er lýsing á glímu þeirra. Sérstaklega eru nefndir til sögu Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur Stefánsson Pétur Gunnlaugsson og Sigurjón Pétursson.²³

²⁰ Gunnlaugur Björsson. „Hugrekki“ ..., bls. 12.

²¹ Guðmundur Sigurjónsson. „Hver eru“ ..., bl.s 33-35.

²² Magnús Tómasson. „Líkamsæfingar“, bls. 13.

²³ Guðmundur Guðmundsson. „Glímudómar“, bls. 87.

Í þessu ljósi er óneitanlega eilítið skondið, að í áttunda tölublaði er glímumönnum lýst rétt eins væru þeir hross í dómi. Glímukappi: “Guðbrandur Magnússon er knálegur á velli, vel limaður og vöðvastæltur og vænlegur á glímuvelli, ... Kristján Sigurðsson glímur stíðlega og ætti ekki að láta sjá sig á glímusviði, ...”²⁴ Fyrirlestrar um skíðaiðkun eru nefndir sérstaklega í fimmta tölublaði og mikilvægi íþróttanna í tengslum við þjóðarefninguna er ítrekað.

Í næstu tveim tölublöðum er menntun og hreysti til sérstakrar umfjöllunar. “Eigi verður of mikið af því látið að Íslendingar séu ættlerar forfeðra sinna að því er líkamshreysti og íþróttir snertir. ... Menntun verður að vera líkamleg eigi síður en andleg.”²⁵ Og Íslendingar ættu að stefna að því, að verða „[f]rjáls og hraust menningar og framfarabjóð.”²⁶

Skemmtanir

Í Ungmennafélagi Reykjavíkur var lögð þung áhersla á skemmtanir, þar sem þjóðleg sjálfrækt skipaði fyrirrúm. Meðal annars þurftu félagmenn að vinna bindindisheit og heit um hollustu við land og þjóð. Undir lok þess árgangs, sem hér er um fjallað, er þess getið, að félagsmenn séu nú orðnir um 130 talsins – og geri sér glaðan dag á kvöldskemmtun og árshátíð. Á kvöldskemmtuninni var dagskráin svofelld: Íslensk glíma, kveðnar gamanvísur, sýnd grísk glíma, samspil á fiðlu og orgel og skautasýning. Dagskrá árshátíðar var svohljóðandi: Málsverður, mælt fyrir minni ungmennafélagsins, skrautsýning úr Gísla sögu Súrssonar, upplestur frumsaminnar smásögu, mælt fyrir minni íslenskunnar, lesinn kafli úr Njálu, flutt kvæði um ýmis konar ástir, fluttur gamanleikur, kveðnar stökur, minning fánans og fánakvæði Einars Benediktssonar sungið. Kvæðið var ort til Hvítbláans, sem Helgi Pjeturs kallaði svo, en þann fána tók Ungmennafélag Reykjavíkur sem og fleiri félög ástfóstri við. Fyrr á árinu hafði fánamálið svokallaða verið til umfjöllunar, en í því sambandi kvartaði ritnefnd undan dræmri þátttöku í umræðum.

Niðurlag

Segja má, að á fyrsta ári Ungmennafélags Reykjavíkur 1906-1907, sem á Íslandi var stofnað næst á eftir Ungmennafélagi Akureyrar, endurómi fræðilegt baksvið helstu hugmyndafræðinga hreyfingarinnar eins og Nikolais Grundtvigs, Jóns Jónssonar Aðils, Christoffers Bruuns og Guðmundar Hjaltasonar. Umfjöllunarefningin mál gagnsins, Skinfaxa, hið fyrsta starfsár þess benda fram á við til þeirra áhersluatriða, sem urðu meginþunginn í starfi sameinaðra ungmennafélaga Íslands allt fram á vörn dag, ræktun lands og lýðs með margvíslegum hætti, svo sem greinir frá í ágætum bókum Geirs Jónassonar, Jóns M. Ívarssonar og Gunnars Kristjánssonar.²⁷ Þó er ekki fjallað um bindindismál, en þau urðu síðar ofarlega á baugi.

²⁴ Guðmundur Guðmundsson, „Glímudómar,“ bls. 95-96.

²⁵ Guðbrandur Magnússon, „Íslenskir“ ..., bls. 146-147.

²⁶ Guðmundur Björnsson, „Það sem okkur“ ..., bls. 152.

²⁷ Gunnar Kristjánsson, *Ræktun lands og lýðs*. – Geir Jónasson, *Ungmennafélög Íslands 1907-1937. Minningarrit*.

Heimildir

Vefheimildir

Vef. *Dansk biografisk leksikon*.

http://www.denstoredanske.dk/Dansk_Biografisk_Leksikon/Uddannelse_og_undervisning/H%C3%B8jskoleforstander/Ludvig_Schr%C3%B8der (lesið 1.febr. 2015).

Vef. *Norsk biografisk leksikon*. https://nbl.snl.no/Christopher_Bruun lesið 1. febr. 2015 (lesið 1. febr. 2015).

Óprentaðar heimildir

Ársæll Árnason. „Frelsið og fósturjörðin.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 65-69.

Guðbrandur Magnússon. „Trú.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 4-5.

Guðbrandur Magnússon. „Íslenskir íþróttamenn.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 70-71.

Guðmundur Björnsson. „Það sem okkur á að þykja vænst um.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 151-152.

Gunnlaugur Björnsson. „Þjóðrækni.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 104-105.

Guðlaugur Björnsson. „Hugrekki og sjálfstæði.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 12-13.

Guðmundur Guðmundsson. „Glímudómar.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 85-89/95-99.

Guðmundur Sigurjónsson. „Hver eru ellilaunin.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 33-37.

Indriði Guðmundsson. „Skemmtanir.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 70-71.

Karel Sveinsson. „Hvað er áhugi og hvað ber vott um áhugaleysi á fjelagi voru.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhöfuðs), bls. 131-132.

Magnús Gíslason. „Hvað eigum við að lesa.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 159-160.

Magnús Tómasson. „Líkamsæfingar.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 13-14.

Ritnefnd. „Á víð og dreif.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 77-78.

Sigurjón Pétursson. „Nokkur orð til félaganna.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 42-44.

Snorri Einarsson. „Ættjarðarástin.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 100-104.

Snorri Einarsson.(a) „Ættjarðarást.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 79-81.

Snorri Einarsson. (b) „Ættjarðarást.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 53-56.

Snorri Einarsson. „Vorkveðja sólarinnar.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 45-47.

Theodór Árnason. „Nokkur orð um ungmennafélagsskapinn.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 6-8.

Trausti. „Lestur á fornsögum vorum.“ *Skinfaxi* 1. árgangur, 1906-1907 (Handritadeild Þjóðarbókhlöðu), bls. 30-33.

Prentaðar heimildir

Bragi Jósefson. *Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans.* (Rvk. 1986. KÍ.)

Bragi Jósefsson. „Um uppeldiskenningar Guðmundar Hjaltasonar.“ Þuríður J. Kristjánsdóttir (ritstj.) *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum.* (Rvk. 187, Iðunn), bls. 81-98.

Bruun, Christian. „Folkelige Grundtanker.“ (Hamar 1878.) Ebbestad Hansen, Jan-Erik (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940.* (Oslo 1998, Tano Aschehoug.), bls. 99-103.

Ebbestad Hansen, Jan-Erik. (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940.* (Oslo 1998, Tano Aschehoug.)

Geir Jónasson. *Ungmennafélög Íslands 1907-1937. Minningarrit.* (Reykjavík 1938, U.M.F. Í.)

Guðmundur Hjaltason. *Æfisaða Guðmundur Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrirlestrar.* (Rvk. 1923. UMFÍ.)

Gunnar Kristjánsson. *Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982*. (Rvk. 1983, UMFÍ.)

Hafstein Pjetursson, *Nikolai Frederik Severin Grundtvig*. (Reykjavík 1886, Á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar.)

Ingi Sigurðsson. „Áhrif hugmyndafræði Grundtvigs á Íslendinga.“ *Ritmennt 9: Ársrit Landsbókasafn Íslands*. (Rvk. 2004), bls. 59-94.

Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölpjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918*. (Rvk. 2006, Háskólaútgáfan.)

Jón M. Ívarsson. *Vormenn Íslands. Saga UMFÍ í 100 ár*. (Rvk. 2007, UMFÍ.)

Jón Torfi Jónasson. „Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar.“ Helgi Skúli Kjartansson og fl. (ritstj.) *Steinar í vörðu til heiðurs Píríði J. Kristjánasdóttur sjötugri*. (Rvk. 1999, KÍ.), bls. 107-134.

Vig, Ole. „Levende Oplysning.“ (Folkevennen 1953). Ebbestad Hansen, Jan-Erik (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940*. (Oslo 1998, Tano Aschehoug.), bls. 95-98.

